

Fundargerð

164. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **27. ágúst 2009 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá Sveitarstjóra Húnaþings vestra.
2. Erindi Hestamannafélagsins Þyts.

Afgreiðslur:

1.A) Sveitarstjóri f.h. Byggðaráðs Húnaþings vestra óskar umsagnar um erindi Landsnets hf. þar sem Árni Jón Elíasson leitar eftir samþykki sveitarstjórnar Húnaþings vestra fyrir uppsetningu og rekstri veðurmælingarstöðvar á Austurárdalshálsi í Miðfirði í landi Efra-Núps sbr.yfirlitskort/loftmyndakort dags. 6.8.2009. Fyrir liggur samþykki landeigenda. Ráðið mælir með að leyfið verði veitt.

1.B) Sveitarstjóri f.h. Sveitarstjórnar Húnaþings vestra óskar umsagnar Skipulags- og umhverfisráðs um landskipti jarðarinnar Ásbjarnarness lnr. 144518 í Húnaþingi vestra. Ráðið gerir ekki athugasemd við landskiptin.

2. Guðmundur Sigurðsson f.h. Hestamannafélagsins Þyts óskar eftir leyfi fyrir lagningu reiðvegar samsíða þjóðvegi 1 í Hrutafirði frá Reykjum að Stað eins og aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 gerir ráð fyrir. Meðfylgjandi fylgir samþykki landeigenda fyrir lagningu vegarins og loftmynd af svæðinu þar sem vegurinn er merktur inn. Ráðið samþykkir erindið.

Næsti fundur ráðsins verður haldinn fimmtudaginn 3.september nk. klukkan 16:30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 17:40

Guðmundur St. Sigurðsson(sign),

Jóhannes Erlendsson(sign),

Erla Björg Kristinsdóttir(sign),

Halldór Sigfússon(sign.),

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign)